

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 22. desember 2013 kl. 12.00 á Vita e Bella

Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir. Gestir fundarins voru Tryggvi Gunnarsson formaður Íþróttaráðs og Óskar Þór Halldórsson.



Pröstur formaður bauð fundarmenn velkomna og sagði það venju að halda stjórnarfund á stofndegí ÍBA en 69 ár eru frá stofndegí.

1. Húsnæði fyrir bardagaíþróttir

Pröstur kynnti málið. Um er að ræða möguleika á sameiginlegu húsnæði fyrir t.d. júdó, taekwondo, karate, skyldingar, jújitsú, fjölbragðaglímu – greinar með um 500 iðkendur. Að auki er komin brýn þörf á að leysa húsnæðisvanda Draupnis. Fundur var haldinn með hagsmunaaðilum 16. desember sl. og farið yfir málið. Viðkomandi félög lýstu öll áhuga á þessu mögulega fyrirkomulagi. Í skoðun er um 1900 fm húsnæði sem er laust í dag. Búningsaðstaða, bað, snyrtingar, félagsaðstaða yrði sameiginleg. Viðraður var einnig möguleiki að skipta húsnæðinu í rými með tjaldi sem gefur möguleika á stærra rými fyrir keppnir. Lögð verður fram teikning og fjárhagsáætlun í janúar 2014. Bréf með grunnkynningu á hugmyndinni var afhent formanni ÍRA.

2. Ritun íþróttasögu Akureyrarbæjar

Búið að ræða í mörg ár að koma af stað ritun 120 ára íþróttasögu Akureyrarbæjar, Pröstur rakti söguna. Búið er að stilla upp í ritnefnd en hún hefur ekki komið saman enn. Pröstur sagði frá mögulegri uppsetningu sögunnar og þeirri hugmynd að hafa samráð við Óskar Þór Halldórsson um ritunina, hann hefur möguleika á að hefja vinnu. Óskar Þór sagði stærsta hluta kostnaðar vera vegna vinnunar við skrifin og velti upp nokkrum atriðum í efnistöku. Tryggvi sagði frá mögulegum aðferðum við fjáröflun. Áslaug spurði hvort væri betra að taka í skrefum, byrja allavega á fyrsta stigi þar sem tíminn væri knappur og huga að framhaldinu síðar. Fram kom að 5 milljónir króna eru nauðsynlegar til að byrja með, fyrir heimildarvinnunni. Hægt væri að huga að framhaldinu meðan á þeirri vinnu stendur.

Samþykkt var að senda kynningarbréf um málið á fyrirtæki í bænum og á Bæjarráð.

3. Önnur mál

Tryggvi sagði frá stöðunni á samningum ÍRA við félögin. Einnig að ÍRA heldur áfram með kvennastyrki þó að styrkir Afrekssjóðs verði felldir niður árinu 2014. Ræddur var kostnaður félaganna við endurskoðun reikninga. Fram kom að ekki er möguleiki fyrir Akureyrarbæ að koma að því máli en félögin væru hvött til að leita hagstæðra kjara.

Óskar Þór vakti máls á ferðakostnaði iðkenda/félaga, sagði hækkanir FÍ hafa gert ógerlegt að nota flug. Ferðasjóður ÍSÍ var ræddur. Einnig sjúkrakostnaðarsjóður og kostnaður félaga vegna slysa.

Samþykkt var að þakka Samherja fyrir rausnarlega styrki félagsins til íþrótt- og æskulýðsstarfs á Eyjafjarðarsvæðinu með auglýsingu.

Pröstur ræddi nýtingu á mannvirkjunum og sagði frá fundi um málið sl. föstudag. Kom fram að það eru einhverjir lítið notaðir tímar í flestum húsum. Samþykkt var að senda ábendingu til félaganna um að bæta úr nýtingunni ella væri gerð krafa um almenna útleigu.

Ákveðið var að senda blóm til Hermanns Sigtryggssonar í tilefni 85 ára afmæli Rebekku konu hans og 60 ára brúðkaupsafmæli þeirra hjóna.

Rætt var um athöfn um kjör Íþróttamanns Akureyrar sem verður 22.janúar í Hofi.

Fundi var slitið kl.13.45

Margrét Ólafsdóttir, ritari